

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi flugstöðvarsvæðis á Keflavíkurflugvelli, svæði A.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins þann 5. nóvember 2001 samþykkt breytingu á deiliskipulagi flugstöðvarsvæðis á Keflavíkurflugvelli, dags. 25. mars 1997 með síðari breytingum. Um er að ræða svæði A, vestan Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, þar sem gert er ráð fyrir að hafa þjónustustarfsemi í tengslum við flugstarfsemi á Keflavíkurflugvelli. Breytingin er fólgin í aukningu byggðar og breyttu vegakerfi miðað við núgildandi deiliskipulag. Auk skrifstofuhúsa, hótels og bílaleiga samkvæmt núgildandi deiliskipulagi, er lagt til að hafa á svæðinu stjórnsýsluhús og þjónustu- og atvinnuhús.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 25. mars 1997.

Utanríkisráðuneytinu, 8. nóvember 2001.

F. h. r.

Gunnar Gunnarsson.